



Til sambandsaðila ÍSÍ

Reykjavík, 17. mars 2025

Efni: Framboð til framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Ágætu félagar!

Samkvæmt 11. grein laga ÍSÍ, skulu tilkynningar um framboð til forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórnar ÍSÍ berast til kjörnefndar Íþróttapings eigi síðar en þremur vikum fyrir Íþróttaping ÍSÍ, **þ.e. 25. apríl nk.** fyrir lokun skrifstofu ÍSÍ kl. 16:00.

Minnt er á að framboð telst einungis löglegt, ef eitt ólympískt sérsamband og eitt héraðssamband/íþróttabandalag hafa lýst yfir stuðningi við framboðið.


Á 77. Íþróttapingi ÍSÍ verður kosið um forseta ÍSÍ og sjö meðstjórnendur til fjögurra ára, sbr. grein 17.1.b í lögum ÍSÍ.

Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, mun ekki gefa kost á sér til áframhaldandi starfa sem forseti ÍSÍ. Það sama á við um þau Hörð Þorsteinsson, Garðar Svansson, Hildi Karen Aðalsteinsdóttur og Úlf H. Hróbjartsson sem munu ekki sækjast eftir endurkjöri til setu í framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Hjálagt fylgir eyðublað um framboðsyfirlýsingu. Upplýsingar veita undirritaðir.

Með kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS


Jón Ásgeir Eyjólfsson
formaður kjörnefndar


Andri Stefánsson
framkvæmdastjóri